

Ár 1979, þriðjudaginn 20. nóvember, var í málinu nr. 17/1979 kveðinn upp af Yfirfasteignamatsnefnd svohljóðandi


ú r s k u r ð u r :

Málavextir eru þeir, að með bréfi dags. 21. febrúar 1979 kærði dómsmálaráðuneytið til lækkunar mat lóðarinnar nr. 9 við Skólavörðustíg, þar sem hús á lóðinni væri friðað og lóðin notuð til fangelsisstarfsemi. Þeirri kröfu var hafnað með úrskurði Fasteignamats ríkisins frá 1. júní 1979. Þeim úrskurði hefur ráðuneytið skotið til Yfirfasteignamatsnefndar með bréfi dags. 25. júlí 1979.

Samkvæmt ákvörðun menntamálaráðherra frá 18. ágúst 1978 er Hegningarhúsið við Skólavörðustíg friðað í B-flokki, þ.e. ytra borð hússins ásamt álmum til beggja hliða og anddyri með stiga, sbr. 27. gr. Þjóðminjalaga nr. 52/1969. Nýtingu húss og lóðar eru því talsverðar skorður settar með friðunarkvöð þessari. Miðað við þá nýtingu, sem heimil og möguleg er, telst fasteignamatsverð lóðarinnar hæfilega ákveðið kr. 90.000.000,-. Er það miðað við fasteignamat það sem tók gildi 1. desember 1978.

Ú r s k u r ð a r o r ð :

Fasteignamatsverð lóðarinnar nr. 9 við Skólavörðustíg í Reykjavík ákveðst kr. 90.000.000,-.



Gaukur Jörundsson



Pétur Stefánsson



Guðmundur Magnússon